



30. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

Mánudagur 5. september 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson *formaður* (HSJ), stýrir fundi, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL), Guðni Hafsteinnsson gjaldkeri (GH), Herbert Arnarson (HSA), Lárus Blöndal (LB), Guðrún Kristmundsdóttir (GK) og Einar Karl Birgisson (EKB).

Forföll boðuðu: Erlingur Hannesson (EH).

Jón Bender (JB) var með í gegnum fjarfundarbúnað undir liðum 1-3.

Snorri Örn Arnaldsson mótastjóri (SÖA) kom inn á fundinn undir lið númer 2.

HSJ og GNE rituðu fundargerð.

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir síðustu funda hafa verið sendar og óskað er eftir athugasemdum fyrir vikulok annars teljast þær samþykktar.

2. Mótamál

SÖA kom inn á fundinn, fjölgun um 2000 leiki frá því árið haustið 2019. Tímabilið að byrja og það er þegar byrjað með þessi almennu leiðindi. Það er verið að gera allt til að láta þetta ganga upp og því þurfa félögin að vera virk í þessari vinnu. Alltof mörg félög eru ekki að fara almennilega yfir sína vinnu og eru svo bara með almenn leiðindi og dónaskap. Upplýsingar sem við erum að koma á framfæri eru ekki að skila sér til þjálfara og foreldra. Umræður um mótamálin.

3. Málefni dómara og samskipti við KKDÍ

Farið yfir stöðuna og samskipti við KKDÍ. Mjög svekkjandi hvernig KKDÍ hefur unnið málið og meðal annars varð að fella niður fagfund dómara að hausti vegna þess hvernig félagsskapur dómara tók á málinu.

4. Afreks- og landsliðsmál

Besti árangur yngri landsliða í sögunni, öll strákaliðin komust í 8 liða úrslit B deildar og stelpuliðin voru með betri árangur en meðaltal síðustu ára. U20 karla í A deild á næsta ári. Karlalandsliðið, frábær úrslit hér heima á móti Úkraníu og við höfum aldrei í sögunni verið eins nálægt því að komast á HM.

Laugardalshöllin ætti að vera klár í næsta glugga karla- og kvennaliðanna í nóvember. Vinna við þjóðarleikvang inniþróttu er á góðri leið. Tillaga frá

afreksnefnd að endurráða Craig Pedersen, samþykkt af stjórn, HSJ falið að semja við hann.

5. Reglugerð um aðgönguskírteini

Miklar og góðar umræður um tillögu að breytingu á reglugerðinni, ákveðið að gera ekki breytingar fyrir þetta keppnistímabil.

6. Leikheimildir leikmanna

Beiðni frá aðildarfélagi um undanþágu frá svokallaðri „þriggja ára reglu“, beiðninni var hafnað.

Beiðni vegna flóttamanns um að spila hér með sínum jafnöldrum, samþykkt af mannúðarástæðum en hann telst sem erlendur leikmaður samkvæmt regluverkinu.

7. Formanna- og unglingaráðsfundur sem var felldur niður

Svekkjandi að þurfa að grípa til þessa úræðis en því miður voru einungis 9 félög sem skráðu sig til fundar.

8. Önnur mál og næstu fundir

- a) Aga- og úrskurðarnefnd, þurfum að skipa þrjá nýja fulltrúa sem allra fyrst.
- b) Næstu stjórnarfundir, mánudaginn 3. október og mánudaginn 7. nóvember.
- c) Vinnufundur skrifstofu mánudaginn 10. október.

Fundi slitið kl. 20:40